

Námsmat fyrir alla Grunnviðmið

Inngangsorð

Námsmat fyrir alla (inclusive assessment) er aðferð sem beitt er í almennum skólum þar sem stefna og starf miðar að því að efla menntun allra nemenda eins og kostur er. Aðalmarkmiðið með námsmati fyrir alla er að allar stefnur og aðferðir eigi að stuðla að því að vel takist til við aðlögun allra nemenda.

Hér á eftir er listi yfir grunnviðmið og forsendur þar að lútandi sem fulltrúar þeirra 25 landa sem taka þátt í þriggja ára verkefni Evrópumíðstöðvarinnar um námsmat í skólum án aðgreiningar eru sammála um að skipti meginmáli varðandi námsmat fyrir alla. <http://www.european-agency.org/site/themes/assessment/index.shtml>

Sjö flokkar grunnviðmiða hafa verið tilgreindir og spanna þeir fólk, skipulag/kerfi og drög að stefnumótun. Um er að ræða: nemendur, foreldra, kennara, skóla, þverfagleg teymi, stefnumál og löggjöf. Í hverjum flokki er sett fram tillaga um grunnviðmið – sem er eins konar yfirlýsing þar sem gerð er í meginatriðum grein fyrir skilyrðum þess að hægt sé að innleiða námsmat fyrir alla.

Auk þessa grunnviðmiðs hafa ýmsar „forsendur“ verið tilgreindar. Þetta eru almennar forsendur sem uppfylla þarf til að grunnviðmið verði útfært á réttan hátt.

Þessi grunnviðmið hafa verið þróuð til leiðbeiningar til að tryggja að stefna í matsmálum, aðferðir og starfsemi taki mið af öllum nemendum, eftir því sem unnt er. Sem stendur er ætlunin að nota þau sem tæki til umfjöllunar og endurskoðunar en ekki til gagnasöfnunar í eftirlitsskyni.

Talið er að þessi viðmið geti komið að gagni þegar farið verður að fylgjast með þróun og leitni. En vinna þarf betur úr öllum þessum grunnviðmiðum og forsendum til að hægt sé að sýna fram á að um framfarir sé að ræða á þessu sviði.

Grunnviðmið fyrir nemendur

Allir nemendur taka þátt í og eiga möguleika á að hafa áhrif á eigið námsmat sem og þróun, útfærslu og mat á eigin námsmarkmiðum.

Forsendur

- Til eru ýmsar aðferðir og tæki sem notuð eru í skólastofunni til að fá nemendur til að meta sig sjálfa, setja sér markmið og þróa með sér námsvitund og hæfni til áætlanagerðar.
- Allir hlutaðeigandi aðilar eru sammála um að tilgangurinn með slíku mati sé að sett séu tiltekin og raunsæ markmið sem stuðla að framförum í námi.
- Kennarar veita nemendum endurgjöf á nám með ýmsum aðferðum sem hæfa hverjum einstaklingi og eru honum hvatning.
- Til er fyrirkomulag eða aðferðir þar sem gert er ráð fyrir því að nemendur leggi sitt af mörkum í þeirri matsvinnu og áætlanagerð sem fram fer innan skólastofunnar og í skólanum, ekki síður en hin þverfaglegu teymi.

Grunnviðmið fyrir foreldra

Foreldrar taka þátt í og hafa möguleika á að hafa áhrif á matsferlið sem barnið þeirra gengur í gegnum.

Forsendur

- Foreldrar eiga óskoraðan rétt á að fara fram á að barnið þeirra sé metið, sem og að hafna niðurstöðum slíks mats eða samþykkja það.
- Foreldrar taka þátt í að þróa, innleiða og meta námsmarkmið barnsins.
- Til er fyrirkomulag eða aðferðir þar sem gert er ráð fyrir því að foreldrar leggi sitt af mörkum til starfsins innan skólastofunnar, matsvinnu og áætlanagerðar ekki síður en hin þverfaglegu teymi.
- Kennarinn, skólinn og stefnumótandi aðilar ættu að hafa fullan skilning á og viðurkenna þann stóra þátt sem foreldrar eiga í því að barn þeirra geti stundað nám án aðgreiningar.

Grunnviðmið fyrir kennara

Kennarar leggja mat á nemendur í því skyni að auka námsmöguleika þeirra með því að setja bæði þeim og sjálfum sér markmið (með skilvirkum kennsluaðferðum sem henta hverjum og einum) og veita síðan endurgjöf á nám þeirra og sitt eigið framlag.

Forsendur

- Símat á námi allra nemendanna er á ábyrgð umsjónarkennarans.
- Kennarar vita að megintilgangurinn með námsmati er að taka ákvörðun um framvindu námsins en ekki einungis að bera frammistöðu nemenda við utanaðkomandi staðla eða árangur annarra nemenda.
- Kennarar beita ýmsum matsaðferðum til að geta veitt bæði nemendum og öðrum aðilum hvetjandi og skilvirka endurgjöf.
- Kennarar fá viðeigandi þjálfun og stuðning við að nota matsáætlanir og aðferðir sem hæfa einstaklingsáætlun hvers nemanda, persónulegri áætlun hans eða annarri markmiðasetningu.
- Kennurum standa til boða ýmiss konar matstæki og aðferðir.
- Kennarar skoða námsferli nemanda á heildrænan/vistfræðilegan hátt, þar sem horft er til bóklegra, hegðunartengdra, félagslegra og tilfinningalegra þátta sem tengjast náminu. Þannig ætti að vera hægt að taka tillit til þess lærdóms sem fram fer á heimili nemandans og í skólanum, og einnig til þess við hvernig aðstæður matið fer fram.
- Bekkjarmat tekur til alls hópsins – þ.e. nemendanna, en einnig foreldra þeirra, fjölskyldna, jafnaldra, annarra kennara í skólanum og stuðningsfulltrúa, sem og þverfaglegra matshópa, eftir því sem við á.

Grunnviðmið fyrir skóla

Komið er á matsáætlunum í skólum þar sem lýst er tilgangi og notkun, hlutverkum og ábyrgð í tengslum við námsmat, og skýr grein er gerð fyrir því hvernig námsmati skal beitt til að veita nemendum stuðning, hverjum á sinn hátt.

Forsendur

- Skólastjórnendur eiga að annast eftirlit með námi allra nemenda og nota til þess viðeigandi matsupplýsingar.
- Skólanum er í sjálfsvald sett skipulagning starfsemi sinnar á þann hátt að námi án aðgreiningar og námsmati fyrir alla verði sem best framfylgt.
- Skólarnir hafa ótvíræða forystu varðandi námsmat fyrir alla.
- Skólastjórnendum ber að sjá til þess að komið sé á matsaðferðum sem uppfylla ýmis skilyrði: að veittar séu upplýsingar um nám einstaklingsins og að eftirlit og mat fari jafnframt fram.
- Í skólanum tala allir „sama tungumálið“, nemendur, foreldrar, kennarar og annað fagfólk, þannig að allir skilji út á hvað matið gengur. Það er gert í samræmi við viðkomandi skólakerfi sem sér um að skrásetja upplýsingar og fylgjast með námi á þann hátt að almenn gæði og skilvirkni í skólastarfi aukist jafnt og þétt.
- Hver skóli er með námsáætlun fyrir alla nemendur sína (bóklega og félagslega) og námsmat sem er – ef þörf krefur – aðlagð að sérstökum þörfum einstakra nemenda.
- Allar áætlanir innan skólans taka mið af hópnum og gert er ráð fyrir virkri þátttöku nemenda, foreldra og annars fagfólks.
- Skólayfirvöld fylgjast með matsferlinu og veita kennurunum stuðning í því starfi sínu.
- Skólastjórnendur veita kennurum stuðning, tíma og sveigjanleika til að innleiða námsmat og túlka niðurstöður matsferlisins svo að þær nýtist í daglegu starfi þeirra.
- Skólayfirvöld skipuleggja og stuðla að samstarfi og hópvinnu sem kennurum er nauðsynleg í matsferlinu.

- Skólayfirvöld vinna að því að þróa samstarf og tengsl við aðra skóla og stofnanir, svo sem háskóla eða rannsóknastofnanir, til að upplýsingum um bestu starfshættina sé miðlað.

Grunnviðmið fyrir þverfagleg teymi

Þverfagleg teymi – hvernig svo sem fræðileg samsetning þeirra er – vinna að því að efla nám án aðgreiningar og kennslu- og námsferli sem allir njóta góðs af.

Forsendur

- Þverfaglegum teyimum ber að styðja við starf kennara í því skyni að efla kennslu, nám og þátttöku allra nemenda.
- Ábyrgðin á því að nemendur læri og að námsmat fari fram hvílir ávallt á herðum kennaranna og hjá skólunum.
- Þverfagleg teymi starfa með öllum nemendum í því skyni að efla kennslu og nám og þátttöku allra nemenda, ekki einungis nemenda með sérþarfir.
- Allt mat sem þverfagleg teymi leggja á starfið veitir beinar upplýsingar um kennslu og nám.
- Þverfagleg teymi starfa samkvæmt þeim meginreglum sem gilda um hópvinnu og þátttöku nemenda, foreldra, kennara og annarra sérfræðinga.
- Í mati sínu taka þverfaglegu teymin tillit til námsumhverfis nemandans í heild sinni, sem og við hvernig aðstæður matið fer fram.
- Þverfagleg teymi eru eins konar fulltrúar bestu starfshátta því að þau miðla upplýsingum um nýjustu matsaðferðirnar og tækin o.s.frv.
- Þverfagleg teymi starfa út frá matsáætlun viðkomandi skóla.
- Þverfagleg teymi taka tillit til aðferða á borð við „íhlutun við námsmat“.
- Þverfagleg teymi beita ýmiss konar aðferðum og tækni.

- Þverfagleg teymi nota matsaðferðir sem styðja hið þverfaglega starf sérfræðinga á ýmsum fræðisviðum með því að sjá til þess að sama tungumál og sömu samstarfsreglur séu notaðar.

Grunnviðmið fyrir stefnumótun

Stefnumótun og viðteknir starfshættir í matsmálum styðja við og auka möguleika á því að vel takist til við nám án aðgreiningar og þátttöku þeirra nemenda sem standa höllum fæti, einnig þeirra sem eru með sérþarfir.

Forsendur

- Stefnumótandi aðilum ber að þróa stefnu þar sem þeir þættir sem stuðla að þátttöku sérhvers nemanda og foreldra hans í starfi kennarans og skólastarfinu eru hafðir að leiðarljósi.

- Stefnumótandi aðilum ber að sjá fyrir sveigjanlegu styrkjakerfi svo að hægt sé að innleiða stefnu í matsmálum þar sem þeir þættir sem stuðlar að námi án aðgreiningar eru hafðir að leiðarljósi.

- Allar stefnuyfirlýsingar varðandi nemendur með sérþarfir eru samþættar almennt menntastefnu.

- Stefnan fer eftir svæðisbundnum matsáætlunum sem eru mótaðar af öllum þeim aðilum sem koma að námsmati.

- Í þeim matsaðferðum sem tilgreindar eru í allri stefnumótun er meginmarkmiðið að efla kennslu, nám og framfarir meðal allra nemenda.

- Stefna í matsmálum tryggir að matsaðferðir „þjóni sínum tilgangi“ og að eftirlit skuli haft með því hvernig þeim er beitt.

- Stefna í matsmálum gerir grein fyrir skyldum kennara, skóla og þverfaglegs teymis.

- Stefna í matsmálum gerir grein fyrir þeim stuðningi og þjálfun sem kennarar, skólar og þverfagleg teymi fá til að geta uppfyllt skyldur sínar.

- Sá stuðningur og úrræði sem stefna í matsmálum veitir skólum og kennurum eru af ýmsum toga og breytileg.

- Notuð eru ýmis gögn til að fylgjast með menntastöðlum, ekki einungis upplýsingar um mat á nemendum.
- Stefnan í matsmálum er sú að nemendur með sérþarfir stundi nám við þær aðstæður að þeir séu sem minnst aðgreindir frá öðrum.
- Öll stefnumótun í matsmálum hvetur til heildræns/vistfræðilegs viðhorfs til námsferils nemenda og tekur tillit til umhverfisþátta (innan skólans og fjölskyldunnar) og félagslegrar og tilfinningalegrar færni sem og markmiða í bóklegu námi.
- Allar matsaðferðir eru tiltækar og aðgengilegar öllum nemendum og þær eru lagaðar að sérþörfum þeirra (t.d. notkun blindraleturs, aðstoð túlks o.s.frv.).
- Símat tengist efni og námsmarkmiðum sem tilgreind eru í námsskrám og öðrum ritum.
- Stefnan í matsmálum fylgir, eftir því sem kostur er, „alþjóðlegu fyrirkomulagi“ hvað varðar sveigjanleika og valkosti sem koma til móts við eins fjölbreyttar þarfir og unnt er.
- Stefnan í matsmálum inniheldur viðurkenningu á „óhefðbundnu“ lokamati og hæfni sem gerir nemendum með tiltekna sérþarfir kost á að fara út á vinnumarkaðinn.
- Stefnan í matsmálum gerir ráð fyrir og miðar að því að auðvelt sé að eiga nauðsynlegt samstarf við þjónustugeirana (t.d. heilbrigðisþjónustu og félagslega þjónustu).
- Stefnan í matsmálum auðveldar miðlun góðra starfshátta og stuðningsrannsóknna, og þróun nýrra matsaðferða og tækja.
- Stefnan í matsmálum er skoðuð í tengslum við þau áhrif sem hún hefur á jöfn tækifæri allra nemenda.
- Breytingar á stefnu í matsmálum eru hafðar eins fáar og unnt er og því eru áhrif allra nýrra stefnumála og starfsemi á þessu sviði skoðuð á undirbúningsstigi.

Grunnviðmið fyrir löggjöf á sviði menntamála

Lagasetning á sviði matsmála miðar ávallt að því að námsmat fyrir alla sé innleitt.

Forsendur

- Allar lagasetningar varðandi nemendur með sérþarfir eru samþættar almennri löggjöf á sviði menntamála.
- Yfirlýst áform með matskerfinu er námsmat fyrir alla nemendur.
- Löggjöfin kann að spanna námsmat í ýmiss konar tilgangi – upplýsingagjöf um nám einstaklingsins, sem og eftirlit með og mat á skólastarfi – en með lagasetningu á sviði matsmála er lögð áhersla á að námsmat sé tæki sem nota skal við kennslu og nám, en ekki til flokkunar eða ákvarðana um ábyrgðarskyldu eða fjárveitingar.
- Allir nemendur eiga rétt á að taka þátt í öllu matsferli á þann hátt að komið sé til móts við sérþarfir þeirra.
- Nemendur eiga rétt á að fram fari símat til upplýsinga um kennslu og nám.
- Viðteknir starfshættir um frumgreiningu á sérþörfum sem kveðið er á um í lögum eru settir fram í því skyni að veittar séu upplýsingar um nám og kennslu og íhlutun.
- Foreldrar og/eða umönnunaraðilar eiga rétt á að fylgjast með öllu því mati sem barnið gengur í gegnum.
- Löggjöfin tryggir að stefna, úrræði og stuðningur séu í fullu samræmi innan hvers lands eða svæðis.